

## Hamfarahlýnunarhöfuðverkur íslenskra stjórnvalda

Sameinuðu þjóðirnar, sem starfa í þágu alheimsdrottnunaraflanna, hafa lýst því yfir, að þau „eigi“ bókstaflega loftlagsvísindin. Þeim er mikið í mun, rétt eins og aðalframkvæmdastjóranum og íslensku ráðherrunum, að sannfæra okkur um, að óhlýðni við öfgafull boð þeirra og tilskipanir um losun „gróðurhúsalofttegunda“ muni stefna veröldinni norður og niður.

Þá skírskota til ímyndaðs stuðningshóps. Þetta er gömul áróðurslumma, en er óspart beitt. Fjölmíðlar í bullandi vændi enduróma þennan boðskap sí og æ. Boðskapurinn bunar jafnvel oftár úr munnri forsætisráðherra um þessar mundir en boðskapurinn um sigur í Úkraínu, kvenfrelsun og kynleysu.

Guðlaugur Þór, umhverfisráðherra, verður jafnan óskaplega hjárænulegur, þegar hann á að útskýra skort á hamfarahlýnun þeirri, sem Rómarklúbbur auðkýfinganna samþykkti að ætti að eiga sér stað, svo og stöðugt tapstríð íslenskra stjórnvalda við útblásturinn, sem þau líka ýta undir.

Stóra rafbílagjöf ríkisstjórnarinnar til bílaleiganna kynni þó aða vera leynivopnið, sem dugar til sigurs í baráttunni við koltvísýringinn. Það var snjallræðisgjöf. Annars eru umhverfisstjórnsmál orðin hálfgerð skemmtiefni. Þegar umhverfisvitringarnir í útlöndum samþykkja samdrátt í losun, heimta Íslendingar að fá að menga meira. Nýjasta dæmið er samþykkt Evrópusambandsins um að takmarka flug.

Það rekst hvað á annars horn í umhverfisvafstri ríkisstjórnarinnar. Það gekk best að hemja útblásturinn, þegar hún afnam lýðréttindi og lokaði fólk inni á heimilum sínum.

Það var reyndar alheimsallsherjaræfing fyrir fangelsun lýðsins í svokölluðum stundarfjórðungsfangelsum, þ.e. fólk skal hegða sér eins og hundar í bandi stjórnvalda í grænu öreigaframtíðinni. Ferðalög lengri en sem nema stundarfjórðungi, verða bönnuð.

Skipulagningin er langt komin sums staðar í Englandi t.d.. Það miðar vel með Stóru endurræsinguna, meðan bjöllurnar klingja um háls íslenskra stjórnsmálamanna.

Gregory Wrightstone og félögum í CO2 samtökunum datt í hug að kíkja á staðhæfingar þá, þess efnis, að 97% vísindamanna væru samþykkir skýrslum þeirra,

sem harla misleit hjörð „vísindamanna“ dundar sér við að skrifa. Í ljósi fyrri sambærilegra athuganna komust þeir eins og vænta mátti að þveröfugri niðurstöðu.

Það er engu líkara en kominn sé gagnahrollur í hamfarahlýnunarvísindamenn. Sumir þeirra dunda bardúsa við að fitla við mælingar, gögn og tölur, til að styðja við rétttrúnað SP, íslensku ríkisstjórnarinnar og margra fleiri. Það gera menn til að mynda í Ástralíu og á Veðurstofunni, hafi ég rétt skilið. Þar þótti ástæða til að lagfæra gamlar mælingar.

Verslun með losunarheimildir er nýjasta atvinnutækifærið eða öllu heldur fásinnukaflinn í þessu grátbroslega leikriti. Umsvifin eru skráð sem hagvöxtur í þjóðarbókhaldinu.

<https://expose-news.com/2023/04/21/climate-change-lockdowns-disguised-as-15-minute-cities/>

[https://electroverse.info/australias-bureau-of-meteorology-caught-red-handed-cooking-the-temperature-books/?utm\\_content=cmp-true](https://electroverse.info/australias-bureau-of-meteorology-caught-red-handed-cooking-the-temperature-books/?utm_content=cmp-true)

<https://expose-news.com/2023/04/21/less-than-1-scientists-agree-humanity-causing-climate-change/>